

# ÚMBOÐSMAÐUR ALÞINGIS

Þórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík  
Sími: 510 6700 • Netfang: postur@umbodsmadur.is  
Heimasiða: www.umbodsmadur.is

Mál nr. F124/2022

Reykjavík, 23. desember 2022

Willum Þór Þórsson  
heilbrigðisráðherra  
Síðumúla 24  
108 Reykjavík

Til umboðsmanns Alþingis leitaði nýlega nafngreindur maður með kvörtun yfir því að kvörtun hans til landlæknis á grundvelli 12. gr. laga nr. 41/2007, um landlækni og lýðheilsu, hefði ekki verið afgreidd. Umboðsmaður lauk athugun sinni á málina, sbr. a-lið 2. mgr. 10. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, í kjölfar þess að upplýst var um að almennar tafir væru á meðferð kvörtunarmála hjá landlækni.

Svör landlæknis og gögn sem þeim fylgdu bera með sér að málsmeðferðartími kvörtunarmála hjá embættinu sé almennt afar langur og að tafirnar stafi fyrst og fremst af auknum málafjölda, m.a. kvörtunarmála vegna heilbrigðispjónustu, og skorti á fullnægjandi fjárheimildum. Þá hafi umfangsmeiri kvörtunarmálum fjölgæð talsvert. Bent er á að kostnaður vegna aðkeyptrar þjónustu sérfræðinga hafi aukist mikið og m.a. valdið því að kvörtunarmál hafi verið sett á bið vegna skorts á fjármagni til þess að afla umsagnar óháðs sérfræðings í samræmi við 5. mgr. 12. gr. laga nr. 41/2007. Landlæknir hafi á liðnum árum ítrekað vakið athygli heilbrigðisráðherra á þessum almenna vanda. Þá er rakið að embættið hafi gripið til ýmissa hagræðingarráðstafana á undanförnum árum til að mæta umræddum vanda sem ekki virðist duga til.

Með vísan til framangreinds er þess óskað, sbr. 7. gr. laga nr. 85/1997 að heilbrigðisráðuneytið upplýsi umboðsmann um hvort og þá hvaða ráðagerðir séu uppi til að bæta úr þeim vanda sem virðist uppi hjá landlækni. Í þessum efnum er einkum haft í huga að ef fyrir liggur að viðvarandi ástand í andstöðu við lög hafi skapast í starfsemi stofnunar verði að jafnaði að ganga út frá því að á ráðherra, sem fer með yfirstjórn viðkomandi málaflokks, hvíli sú skylda að gera virkar ráðstafanir til að koma starfsemi slíkrar stofnunar í lögmætt horf, enda sé ljóst að mati ráðuneytis að ráðstafanir forstöðumanns hafi ekki náð tilætluðum árangri, sbr. til hliðsjónar álit umboðsmanns Alþingis 7. júlí 2009 í máli nr. 5718/2009.

Framangreindra upplýsinga er óskað svo unnt sé að meta hvort tilefni sé til að taka störf stofnunarinnar, og eftirlit ráðuneytisins með þeim, til almennrar athugunar á grundvelli 5. gr. laga nr. 85/1997.

Þess er óskað að umbeðin svör berist umboðsmanni ekki síðar en 20. janúar nk.

Virðingarfyllst,  
f.h. umboðsmanns Alþingis

  
Anna Rut Kristjánsdóttir